

Nefndasvið Alþingis  
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónaveiru (725. mál)**

Félag atvinnurekenda vísar til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar dags. 23. apríl sl. um ofangreint mál á þingskali 1254.

Félag atvinnurekenda telur þær aðgerðir, sem kveðið er á um í frumvarpinu, nauðsynlegar til að koma til móts við minni fyrirtæki sem ýmist hafa orðið fyrir miklu tekjufalli af sökum heimsfaraldurs COVID 19-veirunnar eða neyðst til að loka starfsemi sinni vegna fyrirmæla stjórnvalda, nema hvort tveggja sé.

Félagsmenn FA eru að stærstum hluta minni og meðalstór fyrirtæki. Í könnun, sem gerð var meðal félagsmanna í byrjun mánaðarins, kom fram að mikill meirihluti fyrirtækjanna, eða um 80%, er í þeirri stöðu að verða fyrir verulegu tekjufalli samanborið við síðasta ár. Þriðjungur telur tekjutapið nema meira en 50%. Nokkrir félagsmenn hafa þurft að loka fyrirtækjum sínum alfarið vegna fyrirmæla stjórnvalda, sem vísað er til í greinargerð frumvarpsins.

Meginathugasemd FA við frumvarpið snýr að skilyrðum fyrir veitingu styrkja til fyrirtækja vegna lokunar starfseminna, en félagið telur þau of þróng. Ýmis smærri fyrirtæki reka fleiri en eina starfsstöð á sömu kennitölu. Eðli málsins samkvæmt er tjón vegna lokunar margra starfsstöðva meira en ef fyrirtæki er aðeins með eina starfsstöð. Möguleikar fyrirtækja sem rekin eru með þessum hætti til að fá lokunarstyrki eru augljóslega minni en t.d. móðurfélags sem rekur starfsstöðvar sínar á mismunandi kennitöllum þannig að þær teljast hver um sig rekstraraðili í skilningi ákvæða frumvarpsins.

FA leggur því til breytingu á 5. Grein frumvarpsins, þannig að fyrirtæki sem reka margar starfsstöðvar og hafa neyðst til að loka þeim öllum geti fengið styrk á hverja starfsstöð og styrkirnir þannig numið hærri fjárhæð að hámarki en þeim 2,4 milljónum sem kveðið er á um í frumvarpinu, þó ekki meira en 2,4 milljónum á hverja starfsstöð.

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemduum á síðari stigum málsins. FA er að sjálfsögðu reiðubúið að funda með nefndinni sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
  
Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA